



## Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn Iceland s: 464-4163 f. 464-4363, netf. [gudrunm@myv.is](mailto:gudrunm@myv.is)

### 14. fundur

Fundur í Félags og menningarmálanefnd haldinn á skrifstofu Skútustaðahrepps miðvikudaginn 19.11.2013 kl. 17.00

Mættir: Dagbjört Bjarnadóttir, Anna Dóra Snæbjörnsdóttir, Erna Þórarinsdóttir, Jóhanna Njálsdóttir boðaði forföll og Kristján Steingrímsson komst ekki vegna veðurs. Guðrún María Valgeirsdóttir sveitarstjóri sat fundinn.

Dagbjört Bjarnadóttir stjórnaði fundi og ritaði fundargerð.

#### Dagskrá:

1. Fundur settur og farið yfir fundargerð síðasta fundar.
2. Félags- og menningarmálanefnd leggur Menningarmálastefnu Skútustaðahrepps fyrir sveitarstjórn.
3. **Reglur um úthlutun styrkja.** Nefndin leggur til að styrkir til lista- og menningarstarfs verði auglýstir tvisvar á ári í janúar og ágúst ár hvert. Umsóknarfrestur og úthlutun verði auglýst sérstaklega. Félags- og menningarmálanefnd meti umsóknir og leggi fyrir sveitarstjórn tillögur um úthlutanir. Nefndin vinnur og metur umsóknir með menningarstefnun Skútustaðahrepps að leiðarljósi.
4. **Gjaldskrá ÍMS** Félags og menningarmálanefnd samþykkti gjaldskrána í tölvupósti þann 11. nóvember s.l.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 17.50